

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 59. fundur.

að Hlíðavegi 6, 28. maí 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2008 fyrri umræða, endurskoðandi mætir til fundarins.
3. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðapjónustu ehf., var frestað á fundi 14. maí.
4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi og nýs leyfis til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf.
5. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi og nýs leyfis til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf.
6. Erindi frá sýslumanni v/rekstrarleyfis til handa Gunnari Jóhannessyni f.h. Dimmuborga ehf.
7. Erindi frá Vegagerðinni, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegaf framkvæmda á Kísilvegi.
8. Fundargerð Byggingarnefndar frá 20. maí.
9. Fundargerð Skólanefndar frá 26. maí.
10. Erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er umsagnar um tillögu að verndaráætlun Mývatns og Laxár.
11. Fundargerð Veitnanefndar frá 28. maí.
12. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 5. júní.

Til kynningar.

Fundargerð stjórnar Eypings frá 20 apríl.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11 og 12 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2008 fyrri umræða, endurskoðandi mætir til fundarins.

Arnar Arnason frá KPMG endurskoðun mætti til fundarins ásamt skoðunarmönnum ársreikninga sveitarfélagsins þeim Ellert Finnbogasyni og Huldu Harðardóttur. Arnar fór yfir reikninginn og svaraði spurningum sem til hans var beint. Að loknum umræðum var reikningnum vísað til annarrar umræðu.

3. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðapjónustu ehf., var frestað á fundi 14. maí.

Með bréfi dags. 8. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu gistingar, flokkur II, til handa Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðapjónustu ehf. Vogum, og um nýtt rekstrarleyfi til sölu veitinga á sama stað, flokkur II.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfin verði veitt.

4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi og nýs leyfis til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf.

Með bréfi dags. 11. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar um endurnýjað rekstrarleyfi fyrir Sel- hótél, flokkur V, til handa Yngva Ragnari Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf. Skútustöðum. Einnig er sótt um endurnýjun á leyfi til reksturs Skjólbrekku og nýtt leyfi til sölu veitinga í Versluninni Seli, flokkur II.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfin verði veitt.

5. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi og fyrir nýs leyfis til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf.

Með bréfi dags. 13. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gistingar á einkaheimili að Helluhrauni 15, flokkur I, til rekstus gistingar að Helluhrauni 7, 7a, 8, 8a og 9, flokkur II og nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar að Helluhrauni 16.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt til sölu gistingar að Helluhrauni 15, 7, 7a, 8 og 8a. en frestar afgreiðslu á leyfum vegna Helluhrauns 9 og 16.

6. Erindi frá sýslumanni v/rekstrarleyfis til handa Gunnari Jóhannessyni f.h. Dimmuborga ehf.

Með bréfi dags. 14. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar um rekstrarleyfi til sölu veitinga, flokkur II, til handa Gunnari Jóhannessyni f.h. Dimmuborga ehf. Dimmuborgum.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

7. Erindi frá Vegagerðinni, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegaframkvæmda á Kísilvegi.

Með bréfi dags. 13. maí óskar Vegagerðin eftir framkvæmdaleyfi vegna vegaframkvæmda á Kísilvegi. Til stendur að endurbyggja, styrkja og leggja bundið slitlag á 3,1 km langan kafla frá slitlagsenda á Hólasandi og áleiðis vestur í átt að Kasthvammsheiði. Áætluð efnispörf í verkið er um 52.600 m³ og verður efnið að mestu fengið úr skeringum á vegsvæði. Fyrirhuguð vegaframkvæmd og efnistaka vegna hennar teljast ekki matskyldar skv. 5. eða 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi á þeim hluta vegarins sem er innan stjórnsýslumarka Skútustaðahrepps.

8. Fundargerð Byggingarnefndar frá 20. maí.

Liður 4, þar sem óskað er eftir leyfi til að bæta við tveimur hurðum á verslunina Sel á Skútustöðum,

liður 5, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir gám við Drekgil,

liður 6, þar sem óskað er eftir endurnýjun á stöðuleyfi fyrir gistiskála Voga ferðaþjónustu ehf. og nýju stöðuleyfi fyrir afgreiðsluhús fyrirtækisins,

liður 7, þar sem óskað er umsagnar á rekstrarleyfi til handa Yngva R.

Kristjánssyni v/verslunarinnar Sels,

liður 8, þar sem óskað er umsagnar um leyfi til handa Yngva R. Kristjánssyni v/Skjólbrekku,

liður 9, þar sem óskað er umsagnar um leyfi til handa Yngva R. Kristjánssyni v/Sel-hótels,

liður 10, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Pétri Gíslasyni v/Hótel Reykjahlíðar,

liður 11, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni v/heimagistingar,

liður 12, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur v/heimagistingar,

liður 13, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur v/Voga ferðaþjónustu,

liður 14, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 7,

liður 15, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 7a,

liður 16, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 8,

liður 17, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni v/helluhrauns 8a,

liður 18, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 9,

liður 19, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 15,

liður 20, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 16,

liður 21, þar sem óskað er umsagnar um rekstrarleyfi til handa Gunnari Jóhannessyni v/Dimmuborga ehf. eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar.

9. Fundargerð Skólanefndar frá 26. maí.

Í öðrum lið fundargerðarinnar eru teknar fyrir starfsmannaráðningar fyrir næsta skólaár. Skólanefnd mælir með að Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir verði ráðin í 100% stöðu kennara og að Brynja Ingólfsdóttir verði ráðin í 80% stöðu stuðningsfulltrúa. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Böðvar vék af fundi við afgreiðslu á öðrum lið.

10. Erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er umsagnar um tillögu að verndaráætlun Mývatns og Láxár.

Frestað til næsta fundar.

11. Fundargerð Veitnanefndar frá 28. maí.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir endurnýjun veitna sumarið 2009. Veitnanefnd leggur til að í ljósi þess að ekki liggi enn fyrir hvernig hægt verði að stjórna hitastigi á vatninu með tengingu nýrrar lagnar úr Bjarnarflagi verði lögð til hliðar áform um að ljúka endurnýjun að T-brunni við Reykjahlíð 4. og að sumarið verið nýtt til að finna lausn á því máli. Þess í stað verði endurnýjaðar lagnir frá fyrrnefndum T-brunni að Reynihlíð eða lengra eftir því sem áætlað fjármagn skv. fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

12. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 5. júní.

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga fyrir árið 2008 verður haldin á Raufarhöfn 5. júní n.k.

Samþykkt að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Birgir Steingrímsson.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir
Böðvar Pétursson.